

Alþingi  
Erindi nr. P 128/828  
komudagur 21.1.2003



VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — allsherjarnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dags. 20. janúar 2003  
Tilv. 012/4986/MJ/KG

**Efni:** Umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um  
Almannavarnir ríkisins o.fl.

Megininntak þessa frumvarps varðar skipulagsbreytingu og tilfærslu verkefna Almanna-  
varna ríkisins innan stjórnkerfisins. Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við þessar  
breytingar enda sé tryggt að megintilgangur þeirra náist, þ.e. að auka öryggi þegnanna  
og stytta boðleiðir þegar upp kemur almannavarnaástand.

Varðandi þá breytingu að leggja niður almannavarnarráð en setja þess í stað á laggirnar  
ráðgjafanefnd, samstarfsnefnd um almannavarnir, sbr. 2. gr. frumvarpsins, vill Veður-  
stofa Íslands vekja sérstaka athygli á að stofnunin er orðin helsta vöktunarstofnun  
landsins á nánast allri náttúruvá, annaðhvort ein (ofanflóð, jarðskjálftar, ofviðri, hafis)  
eða í samstarfi við aðrar stofnanir (eldgos, vatnsflóð, sjávarflóð). Þess vegna er eðlilegt  
að fulltrúi Veðurstofunnar eigi sæti í fyrirnefndri samstarfsnefnd.

Í 2. gr. frumvarpsins eru talin upp verkefni ríkislögreglustjóra vegna almannavarna.  
Veðurstofan telur, bæði til að skýra betur hvað átt er við og gæta samræmis við aðra liði,  
að b.-liður ætti að orðast: „Vöktun á hættu og upplýsingaöflun um hættu í samvinnu við  
vísindastofnanir“. Hér að að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri annist  
mælingar, spár eða nokkra vísindalega vinnu, heldur sé embættið upplýst um og fylgist  
með stöðu hættumála hverju sinni.

Að öðru leyti gerir Veðurstofan ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001  
NETFANG office@vedur.is